



Mótt.: 23 MAI 2008

Málnr.

2008050078

Reykjavík 27.02.08

**Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags
“Fossvogshverfi”
Sem samþykktir voru í borgarráði 06.02.68
Breytingin nær til raðhúsa í Fossvogi.**

Höfundur deiliskipulagsins er teiknistofa borgarverkfræðings í Héðinshöfða, Karl Erik Rocksén og Haukur Viktorsson.

Breytingin felst í því að breytt er texta í skilmála varðandi glugga í göflum. Ástæða breytingarinnar er sú að nokkuð er um að gluggar hafi verið samþykktir á göflum raðhúsa og óskir berast reglulega um slíkt.

Texti gildandi skilmála er svohljóðandi:

2. Raðhús eru tvennskonar:

- a) Einnar hæðar raðhús. Skulu þök þeirra vera hlöðubök með halla 1:4 og mænir yfir miðju húsi. Þakbrún nái jafnt útveggjum eða mest 4 cm út fyrir þá. **Gaflar skulu vera gluggalausir.**
- b) Raðhús 11/2 hæð. Íbúð skal vera á tveimur hæðum að sunnanverðu og einni hæð að norðanverðu. Þar sem jarðavegsdýpi gefur tilefni til, er heimilt að gera geymslukjallara undir norðurhluta. Þök skulu vera skúrbök með halla 1:6, rísandi móti suðri. Þakbrúnir skulu nái jafnt útveggjum eða mest 4 cm út fyrir þá. **Gaflar skulu vera gluggalausir.**

Tillaga að breyttum texta í skilmálum er svohljóðandi:

2. Raðhús eru tvennskonar:

- a) Einnar hæðar raðhús. Skulu þök þeirra vera hlöðubök með halla 1:4 og mænir yfir miðju húsi. Þakbrún nái jafnt útveggjum eða mest 4 cm út fyrir þá. **Heimilt er að setja litla glugga í gafla þar sem aðstæður leyfa, byggingarfulltrúi metur hverja umsókn fyrir sig.**
- b) Raðhús 11/2 hæð. Íbúð skal vera á tveimur hæðum að sunnanverðu og einni hæð að norðanverðu. Þar sem jarðavegsdýpi gefur tilefni til, er heimilt að gera geymslukjallara undir norðurhluta. Þök skulu vera skúrbök með halla 1:6, rísandi móti suðri. Þakbrúnir skulu nái jafnt útveggjum eða mest 4 cm út fyrir þá. **Heimilt er að setja litla glugga í gafla þar sem aðstæður leyfa, byggingarfulltrúi metur hverja umsókn fyrir sig.**

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 25. gr. skipulags- og byggingarlagar nr. 73/1997 var samþykkt 12. mars 2008 og aðalgrefti skipulagsstjóri bann 16. maí 2008

Tillagan var auglýst frá 2. apríl 2008 með athugasemda fresti til 14. maí 2008.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 2008.

x Ólöf Ólarsdóttir